

5. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu stjórnar ungmennafélagsins Eflingar í Reykdælahreppi, sem hefur stjórn hans á hendi.

6. gr.

Sjóðstjórn skal ávaxta höfuðstól sjóðsins á vísitölutryggðum reikningi í innlánsdeild Kaupfélags Pingeyinga á Húsavík.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal árlega birta ársreikninginn endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Aldrei skal leggja minna við höfuðstól sjóðsins en $\frac{1}{3}$ hlutum af tekjum hans af vöxtum og verðbótum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, ef hún er einhuga um breytinguna.

9. gr.

Verði ákveðið að hætta starfsemi sjóðsins skulu allar eignir hans renna til Héraðssambands Suður-Pingeyjarsýslu.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 486 21. nóvember 1979, um hámarksfjölda leigubifreiða til sendiferðabifreiðaaaksturs á félagssvæði Bílstjórufélags Akureyrar.

1. gr.

2. grein orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til sendibifreiðaaaksturs takmarkast við hámarkstöluna 8. sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Bílstjórufélags Akureyrar og bæjarstjórnar Akureyrar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 24. febrúar 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.